

# Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Breytingatillögur 2014-2015 og afgreiðsla þeirra í Skipulags- og mannvirkjanefnd.

Tekið fyrir á fundum nefndarinnar nr. 427, 428, 429, 430 og 431.

## 3.1 GRÆNIGARÐUR ÍSAFIRÐI – STÆKKUN Á SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Lýsing á breytingartillögu:

Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir að svæði fyrir frístundabyggð, merkt F20, verði stækkað þannig að það nái einnig til lítils húss sem staðsett er á iðnaðarsvæði i34. Eitt frístundahús er á svæði F20, en þau verða þá tvö eftir breytingu. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun húsa á svæðinu enda er svæðið á ofanflóðahættusvæði skv. fyrirbyggjandi hættumati.

Framkomnar athugasemdir:

Athugasemd við breytinguna barst frá einum aðila, Veðurstofu Íslands.

*Afstaða nefndarinnar:*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að framangreind breytingartillaga fari inn í aðalskipulag Ísafjarðarbæjar. F20 frístundahúsa svæði er innan snjóflóðahættusvæðis og strangar reglur gilda um viðveru á því svæði, ákveðinn hluta ársins.*

## 3.2 NESDALUR – MINNKUN Á SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Lýsing á breytingartillögu:

Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir að breyta fyrirhugaðri frístundabyggð í Nesdal. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir tveimur svæðum fyrir frístundabyggð með allt að fjórum húsum á hvoru svæði (F27 og F28). Engin frístundahús eru á svæðinu í dag. Með breytingunni fellur svæði F28 út og F27 færast yfir Nesdalsá. Gert verður ráð fyrir fjórum húsum á svæði F27. Fyrirhuguðum húsum fækkar þannig úr átta samkvæmt gildandi aðalskipulagi í fjögur hús sem verða staðsett á svæði F27 (eftir tilfærslu). Með þessu er reynt að draga úr riski í Nesdal, sem er eyðidalur og þar með að koma á mótis við þær athugasemdir sem bárust vegna tillögu um deiliskipulag í Nesdal sem kynnt var árið 2013.

Framkomnar athugasemdir:

Athugasemdir við gildandi skipulag bárust frá sjö aðilum. Frá Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Íbúasamtökunum Átak á Þingeyri, Guðmundi Ásvaldssyni, Guðrúnu Jónu Kristjánsdóttur, Höllu Signý Kristjánsdóttur og Ragnheiði Hákonardóttur.

*Afstaða nefndarinnar:*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd tekur undir þær athugasemdir sem gerðar eru við gildandi aðalskipulag, er varðar Nesdal. Frístundabyggð í Nesdal stangast á við ákvæði í aðalskipulagi þar sem segir; „öll uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spillta náttúru, líffræðilega fjölbreytni, landlagsheildir og menningarsögu“*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að ganga lengra en upphaflega tillagan gekk útá og fella út bæði svæðin sem gera ráð fyrir frístundabyggð í Nesdal. Við breytinguna falla út svæði F27 og F28 úr aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar.*

### 3.3 ARNARDALUR – STÆKKUN Á SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDBYGGÐ

Lýsing á breytingartillögu:

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir tveimur svæðum fyrir frístundabyggð í Arnardal, þ.e. svæði F40 og F45. Á skipulagsupprætti eru, fyrir mistök, tvö svæði merkt með númerinu F45, annað í Arnardal og hitt á Gullhúsá. Í greinargerð aðalskipulagsins á umfjöllun um svæði F45 aðeins við um svæðið á Gullhúsá en umfjöllun um svæðið í Arnardal hefur fallið út. Með breytingum á aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að gefa svæði F45 í Arnardal nýtt auðkennisnúmer og bæta við umfjöllun og ákvæðum í greinargerð. Gert er ráð fyrir að ákvæði verði þau sömu og á svæði F40 eða í samræmi við önnur ákvæði á sambærilegum svæðum.

Á svæði F40 – Heimabær í Arnardal, Skúlsfirði. Aðliggjandi er landbúnaðarsvæði, 3 hús í dag en allt að 6 ný hús.

Framkomnar athugasemdir:

Athugasemdir vegna breytinguna barst frá tveimur aðilum, Ragnheiði Hákonardóttur og Sigurði Hreinssyni.

#### 430. fundur:

Málinu frestað þar sem ákveðnar upplýsingar liggja ekki fyrir. Skipulagsfulltrúa falið að afla frekari gagna fyrir næsta fund.

Afstaða nefndarinnar:

Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að framangreind breytingartillaga fari inn í aðalskipulag Ísafjarðarbæjar, enda í raun um leiðréttingu að ræða. Nefndin tók ekki afstöðu til þess hvort að leyfa ætti fjölgun frístundahúsa á þessum tilteknu reitum. Ekki kemur fram í lýsingu á breytingartillögunni að um fjölgun húsa sé að ræða, en það má hinsvegar lesa út úr töflu 7.19. Formaður greindi frá efasemdum um þau áform í minnisblaði um möguleg flugvallarsvæði, tekið inn á fundi nr. 416.

### 3.4 SNEIÐINGAR ÞINGEYRI – TILFÆRSLA Á SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDBYGGÐ

Lýsing á breytingartillögu:

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir allt að 6 nýjum frístundahúsum við Sanda í Dýrafirði. Svæðið er merkt F25 í gildandi aðalskipulagi og um þau gilda almenn ákvæði sbr. töflu 9.19 í aðalskipulaginu. Með breytingunni færast svæði F25 innar eða í um 500 m frá byggðinni á Þingeyri og ofan Svalvogavegar í hlíðum Sandafells. Engin frístundahús eru á umræddu svæði í dag.

Áfram verður gert ráð fyrir allt að sex húsum á svæðinu.

Aðkoman verður um veg sem liggur að aflagðri námu sem er staðsett austan við fyrirhugað byggingarsvæði. Aðliggjandi er óbyggt svæði en fyrirhugað byggingarsvæði er hvorki verndarsvæði né þekkt hættusvæði. Með breytingunni er komið til móts við áhuga sem sýndur hefur verið á byggingu frístundahúsa á umræddu svæði.

Framkomnar athugasemdir:

Athugasemd við breytinguna barst frá tveimur aðilum, Veðurstofu Íslands og Ragnheiði Hákonardóttur.

Afstaða nefndarinnar:

Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að framangreind breytingartillaga fari inn í aðalskipulag Ísafjarðarbæjar. Þó þarf að setja fyrirvara um hættumat vegna ofanflóða á nýja svæðinu.

### 3.5 DAGVERÐARDALUR – STÆKKUN Á SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDBYGGÐ

Lýsing á breytingartillögu:

Gert er ráð fyrir að svæði fyrir íbúðarbyggð, merkt Í10, verði breytt í svæði fyrir frístundabyggð. Svæðið sameinast þannig aðliggjandi svæðum fyrir frístundabyggð, þ.e. F16 og F17. Með breytingunni eykst framboð af svæðum fyrir frístundabyggð í Skutulsfirði.

Framkomnar athugasemdir:

Skrifleg athugasemd við breytinguna barst frá einum aðila, Ragnheiði Hákonardóttur. Einnig komu fram fyrirspurnir á kynningarfundur um lýsingu 16.10. 2014, frá Magdalenu Sigurðardóttur og Karitas Pálsdóttur.

*Afstaða nefndarinnar:*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að framangreind breytingartillaga fari inn í aðalskipulag Ísafjarðarbæjar. Svæðið sem um ræðir hentar frekar illa fyrir íbúðabyggð, tiltölulega langt yrði á milli íbúðarhúsa og snjómokstur á hvern íbúa því meiri en á mörgum öðrum svæðum. Umtalsvert er til af lóðum fyrir íbúðarhús í firðinum og flestar sem eru betur til þess fallnar en lóðir á umræddu svæði.*

### 3.6 ENGIDALUR – TILFÆRSLA Á REIÐLEIÐ

Lýsing á breytingartillögu:

Gert er ráð fyrir að reiðleiðin neðan Fossavatns í Engidal, færist neðar í hlíðina miðað við gildandi aðalskipulag. Reiðvegurinn hefur ekki verið lagður en í dag liggur aðeins reiðvegur að vegslóða Orkubús Vestfjarða sem liggur upp að Fossavatni. Fyrirhugaður reiðvegur mun liggja um greiðfærara land en núgildandi skipulag gerir ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að reiðvegurinn verði einnig akfær en hann mun eingöngu verða notaður í tengslum við alþjóðlegt skíðagöngumót, svo kallaða Fossavatnsgöngu, sem haldin er árlega á svæðinu. Leiðin verður ekki opin almennri bílaumferð.

Framkomnar athugasemdir:

Skriflegar athugasemdir við breytinguna bárust frá þremur aðilum, Umhverfisstofnun, Ragnheiði Hákonardóttur og Guðmundi Sigurbirni Einarssyni.

*Afstaða nefndarinnar:*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd hafnar að framangreind breyting verði gerð á aðalskipulag Ísafjarðarbæjar. Forsendur skortir fyrir framkvæmdinni, þegar eindregin andstaða landeiganda liggur fyrir.*

### 3.7 SELJALANDSDALUR – EFNISTAKA

Lýsing á breytingartillögu:

Gert er ráð fyrir að bæta við nýju efnistökusvæði í Seljalandsmúla, ofan vegar og ofan við göngin undir varnargarðinn á Seljalandsdal. Efníð úr námunni á m.a. að nota við frágang á varnargarði neðan Gleiðarhjalla. Svæðið er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota í gildandi aðalskipulagi en verður, eftir breytinguna skilgreint sem efnistöku- og efnislosunarsvæði.

Framkomnar athugasemdir:

Athugasemd við breytinguna barst frá tveimur aðilum, Umhverfisstofnun og Ragnheiði Hákonardóttur.

*Afstaða nefndarinnar:*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd hafnar að framangreind breytingartillaga fari inn í aðalskipulag Ísafjarðarbæjar. Nefndin telur að nauðsynlegt sé að fá úttekt á þeim námum sem þegar eru í rekstri, auk þess sem brýn þörf er á að koma leyfismálum þeirra í betra horf en nú er. Náma á þessum stað myndi verða mjög áberandi frá stóru svæði með tilheyrandi neikvæðum áhrifum. Efni í tilgreindann varnargarð er sótt annað og því getur ekki talist vera brýn þörf á nýrri efnisnámu í Skutulsfirði, á allra næstu árum.*

### 3.8 BREIÐADALSHEIÐI VIÐ ÞVERFJALL – VINDRAFSTÖÐ

Lýsing á breytingartillögu:

Gert er ráð fyrir nýju iðnaðarsvæði fyrir vindrafstöðvar með allt að 2MW raforkuframleiðslu á vestanverðri Breiðadalsheiði. Með framkvæmdinni eykst raforkuframleiðsla á svæðinu og þ.a.l. orkusjálfstæði Vestfjarða, sem er lítið miðað við aðra landshluta (sbr. kafla 3.8.1).

Fyrirhugað er að tengja rafstöðvarnar inn á 11 kV raflínu Orkubús Vestfjarða, líklega með jarðstreng meðfram veginum. Svæðið er skilgreint sem óbyggt svæði í gildandi aðalskipulagi en verður iðnaðarsvæði eftir breytingu. Svæðið hefur áður verið nýtt til efnistöku vegna vegagerðar og er ófrágengið. Svæðið er við jaðar vatnsverndarsvæðis, þ.e. fjarsvæðis. Í gildandi aðalskipulagi eru vindrafstöðvar ekki tilgreindar sérstaklega en áhersla lögð á endurnýjanlega orkugjafa.

Framkvæmdin er innan þeirra marka sem tilgreind eru í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum (viðaukum 1 og 2) og er því ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Aðalskipulagsbreytingin er þ.a.l. ekki háð umhverfismati áætlana skv. lögum nr. 105/2006.

Framkomnar athugasemdir:

Athugasemd við breytinguna barst frá tveimur aðilum, Umhverfisstofnun og Ragnheiði Hákonardóttur.

*Afstaða nefndarinnar:*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að framangreind breyting verði gerð á aðalskipulag Ísafjarðarbæjar, enda verði iðnaðarsvæðið allt skilgreint utan vatnsverndarsvæðis Skutulsfjarðar. Hafa ber í huga að umrætt iðnaðarsvæði mun verða rétt við mörk vatnsverndarsvæðis og svæðis sem nýtur hverfisverndar. Af þeim sökum munu verða talsverðar takmarkanir á umferð og umgengni á svæðinu. Jafnframt er rétt að benda á að í gildandi aðalskipulagi er lögð áhersla á það að auka framboð raforku á svæðinu með sérstakri áherslu á endurnýjanlega orkugjafa.*

*Framkvæmdir þurfa að vera í samræmi við verndarmarkmið aðalskipulagsins og öllu raski skal haldið í lágmarki. Við uppsetningu virkjana skal huga að sýnileika og afturkræfni framkvæmdarinnar og þess gætt að valda sem minnstum skaða á náttúrunni.*

### 3.9 HVILFTARSTRÖND OG BREIÐADALUR – VATNSAFLSVIRKJANIR

Lýsing á breytingartillögu:

Gert er ráð fyrir að virkja þrjár ár á Hvilftarströnd og Breiðadal í Öndarfirði. Árnar eru Hólsá í Hólsdal, Kaldá í Kaldárdal og Þverá í Breiðadal. Áætlað er að hver virkjun verði allt að 600 kW. Hólsá og Kaldá eru brattar, stuttar og vatnslitlar. Með framkvæmdunum eykst raforkuframleiðsla á svæðinu og þ.a.l. orkusjálfstæði Vestfjarða, sem er lítið miðað við aðra landshluta (sbr. kafla 3.8.1). Með aðalskipulagsbreytingunum breytist óbyggt svæði í iðnaðarsvæði þar sem stöðvarhús munu rísa.

Framkomnar athugasemdir:

Athugasemd við breytinguna barst frá tveimur aðilum, Umhverfisstofnun og Íbúasamtökum Öfundarfjarðar. Einnig komu fram fyrirspurn á kynningarfundur um lýsingu 16.10. 2014, frá Finni Gunnlaugssyni.

*Afstaða nefndarinnar:*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að framangreind breyting verði gerð á aðalskipulag Ísafjarðarbæjar. Vert er þó að hafa í huga að umræddar virkjanir mun verða á svæðum sem hafa innan sinna marka umtalsvert af fornmynjum og votlendi sem skylda er að taka tillit til. Nefndin vill að aðalskipulagið heimili að athugun á þessum virkjunarkostunum fari fram en að á síðari stigum verði að koma fram með hvaða hætti framkvæmdaraðilar munu taka tillit til verndarsjónarmið vegna áður nefndra fornmynja og votlendis.*

*Samþykktin er í samræmi við þá stefnu í gildandi aðalskipulagi, um að lögð sé áhersla á það að auka framboð raforku á svæðinu með sérstakri áherslu á endurnýjanlega orkugjafa.*

*Framkvæmdir þurfa að vera í samræmi við verndarmarkmið aðalskipulagsins og öllu raski skal haldið í lágmarki. Við uppsetningu virkjana skal huga að sýnileika og afturkræfni framkvæmdarinnar og þess gætt að valda sem minnstum skaða á náttúrunni.*

### 3.10 STÓRA-EYJAVATN – VATNAFLUTNINGAR

Lýsing á breytingartillögu:

Gert er ráð fyrir u.þ.b. 6,5 km veitu úr Stóra-Eyjavatni til Mjólkárveikjunnar til að auka framleiðslugetu hennar að vetri til. Aðalskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir að boruð verði göng inn í vatnið, með tilheyrandi niðurdrætti, vegna vatnaflutninganna. Til viðbótar verður gert ráð fyrir stíflu í Stóra-Eyjavatni sem mun hækka vatnsborð í vatninu um allt að 3 metra. Með þessum framkvæmdum Orkubús Vestfjarða, þ.e. aukinni miðlun með stíflu og niðurdrætti með borun, er ætlunin að ná 20 GJ vatnsmiðlun úr Stóra-Eyjavatni. Afl Mjólkárveikjunnar verður 12,2 MW eftir að endurbótum á núverandi vélum lýkur haustið 2015, en virkjun vatns úr Stóra-Eyjavatni eykur aflið umtalsvert eða a.m.k. um 2-3 MW. Orkumátturinn eykst úr 70 GWst/ári í 95 GWst/ári.

Framkomnar athugasemdir:

Athugasemd við breytinguna barst frá sex aðilum, Umhverfisstofnun, Íbúasamtökin Átak, Íbúasamtökum Öfundarfjarðar, Vesturbyggð, Gunnlaugi Finnbogasyni og Ragnheiði Hákonardóttur.

*Afstaða nefndarinnar:*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd hafnar að framangreind breyting verði gerð á aðalskipulag Ísafjarðarbæjar. Nefndin tekur heilshugar undir framkomnar athugasemdir, að ekki komi til greina að skerða náttúrulega fegurð Dynjanda með skerðingu á vatnasviði hans. Í greinargerð Náttúruverndarráðs frá 2.1.1978, má meðal annars sjá eftirfarandi rök fyrir afstöðu ráðsins gegn virkjunaráformum; „Það mun samdóma álit manna, að Fjallfoss sé einn af 5-10 fegurstu fossum á Íslandi. Myndir af honum hafa víða birst og frægð hans flogið með þeim. Fossaröðin sjálf í Dynjanda eru ein hin sérkennilegasta og tilkomumesta sem þekkist á blágrýtissvæðum landsins.“ „Vestfirðingar hafa löngum litið á Fjallfoss sem eitt merkilegasta og fegursta náttúruvætti síns landshluta og var hann strax settur á náttúruminjasráð m.a. að beiðni þeirra.“*

*„Skerðing hans yrði því spjöll á helgi landsins og óbætanlegt tjón. Þjóðin verður að hafa efni á því að eiga slík verðmæti óskemmd, þótt fjárhagslegur ávinningur kunnir að vera í boði.“*

### 3.11 OFAN HLÍÐARVEGAR ÍSAFIRÐI – TENGIVIRKI AFLAGT

Lýsing á breytingartillögu:

Gert er ráð fyrir að fella út iðnaðarsvæði merkt i37 og að svæðið falli undir aðliggjandi opin svæði. Í gildandi aðalskipulagi var gert ráð fyrir að tengivirki í Stóruð yrði fært, vegna þess að það var á hættusvæði C og á svæði þar sem gert er ráð fyrir varnargörðum vegna ofanflóðahættu. Gert var ráð fyrir að tengivirkið yrði reist neðan varnargarðanna á iðnaðarsvæði merkt i37. Fallið hefur verið frá þeirri hugmynd og hefur tengivirkið þess í stað verið reist á iðnaðarsvæði í botni Skutulsfjarðar, merkt i32.

Iðnaðarsvæði i37 var eingöngu ætlað fyrir tengivirki og er því ekki lengur þörf fyrir þetta svæði. Svæðið er mjög nærri íbúðarbyggð og því ekki æskilegt að byggja upp aðra starfsemi þar. Uppfæra þarf aðalskipulagið í samræmi við þetta.

Framkomnar athugasemdir:

*Engar athugasemdir bárust vegna fyrirhugaðrar breytingar.*

*Afstaða nefndarinnar:*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að framangreind breyting verði gerð á aðalskipulag Ísafjarðarbæjar.*

### 3.12 BREIÐADALSHEIÐI OG SKUTULSFJÖRÐUR – ENDURNÝJUN RAFLÍNA

Lýsing á breytingartillögu:

Gert er ráð fyrir að endurnýja að hluta Ísafjarðarlínu 1, til að auka afhendingaröryggi. Núverandi lína er loftlína og liggur um hættusvæði vegna ofanflóða.

Annars vegar er gert ráð fyrir að endurnýja línu á um tveggja km kafla næst tengivirkinu í Breiðadal. Þar verður lagður jarðstrengur í stað loftlínu og hann spennuhækkaður úr 66kV í 132kV (mynd 12). Lega línunnar er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Hins vegar er gert ráð fyrir að endurnýja línuna frá Botnsheiði að byggð í Skutulsfirði. Í stað þess að línan liggja um Tungudal eins og hún gerir í dag er gert ráð fyrir að hún liggja niður Dagverðardal (mynd 13). Vegna færslu tengivirkisins ofan Hlíðarvegar (sjá kafla 3.11.) mun, skv. breyttu skipulagi, raflína liggja meðfram Skutulsfjarðarbraut og upp Bæjarbrekkuna, þar sem hún tengist áframhaldandi línu. Línan kemur í stað annarrar eldri sem lá í hlíð Eyrarfjalls (mynd 14). Þetta hefur nú þegar verið framkvæmd að stærstum hluta.

Núverandi og nýjar línur liggja að hluta um vatnsverndarsvæði, sem og svæði á náttúruminjaskrá. Gert er ráð fyrir loftlínu þar sem línan þverar vatnsverndarsvæðið á 1,5 km löngum kafla á háheiðinni, en að þaðan verði línan lögð í jörðu, á 3,6 km kafla meðfram gamla veginum niður í Dagverðardal. Vestasti hluti loftlínunnar verður 132kV en aðrir hlutar línunnar verða 66kV. Nýja línan þverar svæðið sem er á náttúruminjaskrá aðeins að litlu leiti.

Framkomnar athugasemdir:

Athugasemd við breytinguna barst frá þremur aðilum, Landsneti, Umhverfisstofnun og Ragnheiði Hákonardóttur.

*Afstaða nefndarinnar: 430.*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að framangreind breyting verði gerð á aðalskipulag Ísafjarðarbæjar. Línuleið EDBCO liggur að öllu leiti utan vatnsverndarsvæðis og er öll í jörðu.*

#### **Athugasemd Ragnheiðar Hákonardóttur**

Breiðadalsheiði og Skutulsfjörður- Endurnýjun raflínu, Ísafjarðarlína 1. Háð mati á umhverfisáhrifum. Hér er um mikla breytingu að ræða nokkuð vandað til verka. Framkvæmdin er matsskild. Þó verður að geta þess hér að vandað hefur verið til verksins og verður að telja það framfaraspor að flytja tengivirkið í fjörðinn og breyta línuspori að henni þangað, sama má segja um lagningu 66kV strengs í bæjar átt meðfram Skutulsfjarðarbaut. Ljóður á þessari framkvæmd er lagning strengs upp

Bæjarbrekku, Urðarvegsbrekku og í átt að tengingu í hlíð. Þessu verður að breyta og tengja þennan streng í framtíðinni út fyrir eyrina og þar í tengivirki, en ekki upp brekkuna þar sem a.m.k. útveggir 3ja íbúðarhúsa eru í minna en 2metra fjarlægð frá streng og öll hin innan 17metra. Það er líka ljóst að lagnakerfi í Bæjarbrekku og Urðarvegsbrekku er orðið ofhlaðið og ekki bara þessi eini rafstrengur, heldur götutengingar til viðbótar. Vinsamlegast upplýsið um flutningsmagn rafmagns á leiðinni hringtorg að \*Urðarvegur brekkubrún. Þorið þið að gera það?

### 3.13 TUNGUDALUR – ENDURSKOÐUN LANDNOTKUNAR

Lýsing á breitingartillögu:

Fyrirhugað er að vinna heildarendurskoðun landnotkunar í Tungudal. Bæta á aðstöðu til útivistar og íþróttaiðkunar. Einnig á að skoða möguleika á að bæta við aðstöðu fyrir ferðamenn með gistaðstöðu í smáhýsum á um eins ha svæði vestan við Seljalandshverfið (svæði merkt Í8) en utan hættusvæðis vegna ofanflóða. Svæðið verður ætlað fyrir þétta byggð smárra útleiguhúsa á sameiginlegri lóð. Fjöldi húsa verður að hámarki 20 talsins. Á hluta svæðisins eru borholur sem notaðar voru við leit að heitu vatni í Tungudal. Holurnar gáfu ekki af sér vatn en hiti er til staðar, sem hugsanlega er hægt að nýta í framtíðinni. Fyrirkomulag nýtingar á svæðinu mun því taka mið af því að mögulegt verði að nýta þessar borholur. Eftir breytinguna verður landnotkun breytt í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Á meðal líklegra landnotkunarflokka á svæðinu eru afþreyingar- og ferðamannasvæði, íþróttasvæði, opin svæði og frístundabyggð.

Fyrirhugað er einnig að skoða möguleika í uppbyggingu tjaldsvæðisins sem þar er og er þá m.a. horft til smáhýsa til skammtímaútleigu. Hugmyndir eru um allt að tuttugu hús, um 15-25 m<sup>2</sup> að stærð. Svæðið er eitt mikilvægasta útivistarsvæði Ísafirðinga. Því er æskilegt að kvöð verði um að við gerð deiliskipulags fyrir svæðið verði gerð greining á áhrifum þess í samræmi við viðauka B í gildandi aðalskipulagi.

Framkomnar athugasemdir:

Skrifleg athugasemd við breytinguna barst frá einum aðila, Ragnheiði Hákonardóttur. Einnig komu fram athugasemd á kynningarfundur um lýsingu 16.10. 2014, frá Magdalenu Sigurðardóttur.

[430. Frekari upplýsingar lágu ekki fyrir. Skipulagsfulltrúa falið að afla þeirra fyrir næsta fund og afgreiðslu frestað.](#)

Afstaða nefndarinnar: **Tillaga að bókun**

**Skipulags- og mannvirkjanefnd telur ótímabært að gera breytingar á skilgreiningu á landnotkunar í Tungudal, á meðan að ekki liggur fyrir framtíðarsýn um svæðið. Nefndin leggur til að skipulagshópurinn sem skipaður var um framtíð Tungudalsins, verði endurvakinn. Nefndin hafnar breytingartillögunni við Aðalskipulagið.**

### 3.14 POLLURINN Í SKUTULSFIRÐI – ENDURSKOÐUN LANDNOTKUNAR

Lýsing á breitingartillögu:

Fyrirhugað er að endurskoða landnotkunina í samræmi við skýrslu starfshóps um framtíðarskipan Pollsins á Ísafirði. Tillögur starfshópsins byggja á því markmiði að bæta umhverfi og skipulag Pollsins þannig að auka megi öryggi og hagsæld um leið og hlúð er að félagsauði samfélagsins og menningu staðarins. Tillögurnar fela m.a. í sér að:

- Kannaðir verði möguleikar, í samstarfi við Vegagerðina, um gerð fjöru neðan við grjótgarðinn meðfram Pollgötu og aðkomuleiðum að henni.
- Kannaðir verði möguleikar á þjónustu við skútur.
- Skoðaðar verði endurbætur á gamla Olíumúlanum.
- Gerðar verði tillögur að legu göngustíga með Pollinum.

- Gerðar verði tillögur að flotbryggju í framhaldi af Olíumúla. Einnig verði gerðar tillögur að flotbryggjum með ölduvörnum og trébryggjum við Edinborgarhús og Austurveg sem e.t.v. tengdust flotbryggjum eða göngustíg.
- Athugað verði með gerð hólma og uppsetningu á steinum fyrir seli við Skutulsfjarðarbraut. Eitt af viðfangsefnum aðalskipulagsbreytingarinnar verður að skilgreina fyrirhugaða landnotkun á umræddu svæði.

Framkomnar athugasemdir:

Athugasemd við breytinguna barst frá fjórum aðilum, Veðurstofu Íslands, Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og Ragnheiði Hákonardóttur.

*Afstaða nefndarinnar:*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að framangreind breytingartillaga fari inn í aðalskipulag Ísafjarðarbæjar. Mikill vilji er til að auka gildi Pollsins sem útivistarsvæðis og jafnframt að draga úr hættu á flóðum á Eyrinni sem vill gerast í slæmum veðrum. Nauðsynlegt er að opna Aðalskipulagið fyrir áðurnefndum möguleikum og hugmyndavinnu sem því fylgir.*

### 3.15 MINNIHÁTTAR LEIÐRÉTTINGAR OG LAGFÆRINGAR

Framkomnar athugasemdir:

*Engar athugasemdir bárust vegna minniháttar leiðréttinga og lagfæringa.*

Lýsingar á breytingartillögum:

Svigrúm fyrir gerð göngustígs og aðstöðu til útivistar, s.s. aðgengi að fjöru þar sem því verður við komið. Huga ber að öryggi notenda.

Gert ráð fyrir endurbótum og stækkun. Áhersla lögð á vandaðan frágang og snyrtilega umgengni. Gerðar verða leiðréttingar og lagfæringar á greinargerð og uppdráttum þar sem það á við. Villur sem komið hafa í ljós verða leiðréttar en einnig verður hugsanlega skerpt á nokkrum atriðum sem eru skýr. Með þessu er leitast við að gera stefnu aðalskipulagsins skýrari. Ekki verður um stefnubreytingu að ræða.

*Afstaða nefndarinnar:*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að framangreind breytingartillaga fari inn í aðalskipulag Ísafjarðarbæjar.*

#### 3.15.1 FRÍSTUNDABYGGÐ (KAFLI 7.5.4.)

*Arnardalur. Tafla 7.19. bl. 103 og 107. Sveitarfélagsuppdráttur sunnan Djúps.*

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir tveimur svæðum fyrir frístundabyggð í Arnardal, þ.e. svæði F40 og F45. Á skipulagsuppdrætti eru, fyrir mistök, tvö svæði merkt með númerinu F45, annað í Arnardal og hitt á Gullhúsá. Í greinargerð aðalskipulagsins á umfjöllun um svæði F45 aðeins við um svæðið á Gullhúsá en umfjöllun um svæðið í Arnardal hefur fallið út. Með breytingum á aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að gefa svæði F45 í Arnardal nýtt auðkennisnúmer og bæta við umfjöllun og ákvæðum í greinargerð. Gert er ráð fyrir að ákvæði verði þau sömu og á svæði F40 eða í samræmi við önnur ákvæði á sambærilegum svæðum.

*Afstaða nefndarinnar:*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að framangreind breytingartillaga fari inn í aðalskipulag Ísafjarðarbæjar, enda í raun um leiðréttingu að ræða. (sjá kafla 3,3)*



*Hornstrandafriðland. Tafla 7.17. bls. 100-101 og tafla 7.19. bls. 102-107.*

Ósamræmi eða ónákvæmni er í ákvæðum er varða uppbyggingu útihúsa í Hornstrandafriðlandi. Í sameiginlegum ákvæðum í töflu 7.17. á bls. 100 er talað um að endurbyggja megi öll íbúðarhús, þjónustuhús og önnur hús, sem búið var í eða voru í notkun eftir 1908. Í töflu 7.19. á bls. segir um svæði innan friðlandsins að endurbyggja megi öll íbúðarhús og þjónustuhús sem búið var í eftir 1908. Önnur hús eru skilgreind á bls. 102. Skoða þarf hvort álíka ósamræmi er á fleiri stöðum í aðalskipulaginu.

*Afstaða nefndarinnar: 430 fundur.....ERUÐ ÞIÐ ALVEG VISS ???*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að leyft verði að endurbyggja hús sem voru í notkun eftir 1908 enda samræmist þau öðrum skilyrðum skipulags- og mannvirkjalaga.*

### 3.15.2 ÍBÚÐARSVÆÐI Á SUÐUREYRI (KAFLI 7.4)

Tafla 7.9. bls. 86. Ákvæði fyrir svæði Í16 og Í29 Suðureyri hafa víxlást að hluta til. Þetta verður lagfært.

*Afstaða nefndarinnar:*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að framangreind breytingartillaga fari inn í aðalskipulag Ísafjarðarbæjar, enda í raun um leiðréttingu að ræða.*

### 3.15.3 FERÐAÞJÓNUSTA - TJALDSVÆÐI (KAFLI 8.5)

*Landnotkunarflokkar bls. 124-127.*

Í núgildandi aðalskipulagi (bls. 124) segir að tjaldsvæði megi byggja á landbúnaðarsvæðum og opnum svæðum til sérstakra nota. Í töflu 8.4. (á bls. 125-127) er hins vegar gert ráð fyrir tjaldsvæðum á á verslunar- og þjónustusvæðum og svæðum fyrir þjónustustofnanir enda eru þar starfandi tjaldsvæði. Breyta þarf textanum í samræmi við töfluna.

*Afstaða nefndarinnar:*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að framangreind breytingartillaga fari inn í aðalskipulag Ísafjarðarbæjar, enda í raun um leiðréttingu að ræða.*

*Tjaldsvæði á Suðureyri bls. 129.*

Í töflu 8.5. er tjaldsvæði á Suðureyri sagt vera á svæði V2. Hið rétta er að tjaldsvæðið er á svæði Ú31 og M2. Þetta þarf að leiðrétta í texta og hugsanlega á uppdrætti líka

*Afstaða nefndarinnar:*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að framangreind breytingartillaga fari inn í aðalskipulag Ísafjarðarbæjar, enda í raun um leiðréttingu að ræða.*

### 3.15.4 AUKA

*Vatnsbakki*

Í aðalskipulaginu stendur að skógrækt megi ekki ekki vera nær vatnsbakka en 50 m. Hér var átt við vötn, ár og sjó. Breyta þarf þessu í skipulaginu, þannig að það standi vötn, ár og sjór í stað vatnsbakka.

*Afstaða nefndarinnar:*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að framangreind breytingartillaga fari inn í aðalskipulag Ísafjarðarbæjar, enda í raun um leiðréttingu að ræða.*

*Djúpvegur 61 við Krók*

Vegagerðin vill skoða möguleika á að breyta Djúpvegi við Krókinn.

*Afstaða nefndarinnar:*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að erindi Vegagerðarinnar um að breytt legu Djúpvegar verði tekin inn í vinnu við breytingu á aðalskipulagi.*

*Hverfisvernd í Önundarfirði*

*Erindi tekið inn á fundi 416, 25 júlí 2014. Frá Gunnari Gauk Magnússyni.*

„Í dag er landið friðað neðan vegar í Önundarfirði (nr. 627). Þetta fór framhjá okkur landeigendum amk. mér, eiganda Ytri-Veðrará, og eigendum að Innri-Veðrarár og Tannanesi þegar Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar var samþykkt. Ég hef rætt þetta við Sæmund Þorvaldsson sem hafði eitthvað með þetta að gera í skipulagsferlinu og hann sagði mér að þetta átti ekki að vera inní skipulaginu en hafi gleymst að taka út. Sem landeigandi krefst ég þess að þessari friðun landsins verði aflétt enda engin þörf á því þar sem leita verður til yfirvalda við allar framkvæmdir hvort sem landið er friðað eða ekki. Eins og þetta er í aðalskipulaginu í dag þá er þetta hrein eignaupptaka þar sem þetta takmarkar mjög notagildi landsins og við það verður ekki unað óbætt.“

*Afstaða nefndarinnar:*

*Skipulags- og mannvirkjanefnd hafnar að afnema hverfisnefnd að umræddu svæði. Í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar eru fjörur og grynningar í Önundarfirði, frá Hóli á Hvilftarströnd inn og fyrir fjörð og út að Hjarðardalsá, innan svæðis hverfisverndar enda náttúra svæðisins einstök. Hverfisvernd útilokar ekki nýtingu á svæðinu, né framkvæmdir af einhverju tagi. Hverfisverndin gerir hinsvegar kröfur á mögulega framkvæmdaraðila að skipuleggja sínar framkvæmdir af kostgæfni, af virðingu fyrir náttúrinni og með samþykki skipulagsyfirvalda.*